

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 353 19. maí 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**  
**Páll Flygenring.**

---

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 22 24. janúar 1978, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 17,70 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b) Vatnsgjald kr. 73,25 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**  
**Páll Flygenring.**

---

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 22,10 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 55,80 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningagjald .....	kr. 18,62
Heitt vatn .....	— 37,18

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss

(utanmál) m<sup>3</sup>

Allt að 600 m <sup>3</sup>	kr. 14 530,00.		
600 — 2000 m <sup>3</sup>	— 14 530,00 fyrir	600 m <sup>3</sup> +	kr. 9,00 pr. m <sup>3</sup> þar yfir.
2000 — 6000 m <sup>3</sup>	— 27 190,00 fyrir	2000 m <sup>3</sup> +	— 7,80 pr. m <sup>3</sup> þar yfir.
6000 — 10000 m <sup>3</sup>	— 58 430,00 fyrir	6000 m <sup>3</sup> +	— 6,75 pr. m <sup>3</sup> þar yfir.
Meira en 10000 m <sup>3</sup>	— 85 400,00 fyrir	10000 m <sup>3</sup> +	— 6,00 pr. m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöðum hemlum að mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 218,00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 72,40 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 450/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 581  
12. nóvember 1980.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0.25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1.50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

- Vatnsgjald um hemil kr. 225,40 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 11,30 fyrir hvern rúmmetra.